

**Ávarp**  
**Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra**  
**á ráðstefnunni „Hegðunarvandi og geðraskanir barna og unglunga - Forvarnir, meðferð og**  
**sambætting þjónustu“**  
**Grand Hótel 3. feb.**

Góðir ráðstefnugestir!

Mér er það ánægja að bjóða ykkur öll velkomin til þessarar ráðstefnu sem hér er haldin í dag. Hún er um brýnt málefni sem lýtur að þjónustu við börn og unglunga með hegðunarvanda og geðraskanir og forvarnir á þessu sviði. Ég vil byrja á því að þakka aðstandendum ráðstefnunnar fyrir frumkvæðið, en það eru Barnaverndarstofa, Barna- og unglिंगageðdeild LSH, Miðstöð heilsuverndar barna og landlækniseimbættið.

Þá býð ég sérstaklega velkomna erlenda sérfræðinga sem hér eru í dag. - Lars Hammer, Tore Andreassen og Paul Nissen - , hjertelig velkommen og takk for at dere vil dele med oss deres kunskaper og erfaringer på det området som er temaet her i dag.

Hvað veldur því að hegðunarvandamál og geðraskanir eru vaxandi vandamál meðal barna og ungmenna á Vesturlöndum? Þessi spurning brennur á mörgum en við henni er ekkert einhlítt svar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lítur þessa þróun alvarlegum augum og telur brýnt að bregðast við. Geðheilbrigði barna og ungmenna var meðal umfjöllunarefna á ráðstefnu Evrópudeildar stofnunarinnar um geðheilbrigðismál í Helsinki nú í janúar. Ráðstefnunar sóttu fulltrúar allra 52 aðildarþjóða Evrópudeildarinnar. Meðal þátttakenda voru heilbrigðisráðherrar frá þrjátíu og fjórum þessara þjóða og sótti ég hana fyrir Íslands hönd. Óhætt er að telja ráðstefnuna til marks um mikilvægi málaflokksins og raunverulegan vilja þjóðanna til að einbeita sér að úrbótum á þessu sviði. Þess má jafnframt geta að á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er unnið að stefnumótun í málefnum barna og unglunga og nýverið heimsóttu sérfræðingar stofnunarinnar heilbrigðisráðuneytið til að kynna sér stöðu þessara mála hér á landi og var það liður í stefnumótunarvinnunni.

Íslendingar fara ekki varhluta af vandanum fremur en aðrar Vesturlandaþjóðir. Til dæmis má nefna að á síðastliðnum fimm árum hefur fjöldi barna með hegðunar- og geðraskanir sem fengið hafa umönnunarmat hjá Tryggingastofnun ríkisins meira en tvöfaldast og voru þau í desember síðastliðinn um 2.400. Af þessum hópi teljast um 850 börn með alvarlegar raskanir. Auðvitað þýðir þetta ekki að fjöldi barna með hegðunar- og geðraskanir hafi tvöfaldast. Bætt greining er eflaust hluti skýringarinnar og einnig aukin krafa um umönnunarmat sem skilyrði fyrir þjónustu og fleira mætti eflaust telja. En við verðum engu að síður að horfast í augu við það að þetta er vaxandi vandamál sem við verðum að greina, takast á við og reyna að fyrirbyggja eftir því sem kostur er.

Börn sem glíma við alvarlegar hegðunar- og geðraskanir geta átt erfiða framtíð fyrir höndum ef ekki tekst að grípa skjótt inn í vanda þeirra með viðeigandi úrræðum. Erfiðleikar í skóla, skortur á jákvæðum félagstengslum vegna lítillar samskiptafærni, brostin fjölskyldutengsl, aukin hætta á misnotkun vímuefna, líkamleg og andleg vanlíðan, - allt eru þetta þekktar afleiðingar hegðunar-

og geðraskana. Skapast getur vítahringur sem erfitt verður að rjúfa ef ekki er brugðist við tímanlega. Allir tapa þegar svo illa tekst til, barnið sjálft, fjölskylda þess og samfélagið í heild.

Fjölskyldum, skólakerfinu, félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu er vandi á höndum sem fylgir þeirri vegsemd að bera ábyrgð á velferð barna. Eg segi vegsemd vegna þess að hver einstaklingur í samfélagi okkar er svo mikilvægur og svo verðmætur í víðasta skilningi þess orðs. Ábyrgð á börnum er ábyrgð á lífi sem þarf að hlú að og veita það atlæti sem nauðsynlegt er fyrir uppvöxt og þroska hvers og eins. Ónógur stuðningur og úrræðaleyfi ábyrgra aðila má ekki valda því að börn og ungmenni missi fótanna eða nái ekki þeirri fótfestu sem ætti að vera þeim möguleg með góðri stoð.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er sett það markmið að geðheilbrigðisþjónusta skuli árlega ná til tveggja prósentna barna og unglunga á aldrinum 0 - 18 ára, óháð búsetu. Því miður eigum við enn langt í land með að ná þessu marki og eins má eflaust deila um framsetningu markmiðsins. Í skýrslu um stöðu og framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar kemur fram að árið 1997 var talið að geðheilbrigðisþjónustan hefði náð til 0,4 - 0,5% barna og unglunga á þessum aldri en gera megí ráð fyrir að þetta hlutfall hafi hækkað í 0,6 - 0,7% árið 2003, þótt nákvæmar tölur liggi ekki fyrir.

Þótt enn þurfi verulega að bæta þjónustuna hefur vissulega margt verið gert til úrbóta á síðustu misserum. Ég hef í ráðherratíð minni litið á þetta sem forgangsmál og á undanförunum þremur til fjórum árum hefur verið leitast við að gera átak í geðheilbrigðismálum barna og unglunga. Fjárveitingar til Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss hafa verið auknar verulega, jafnframt því sem fjárveitingar til heilsugæslustöðva hafa verið auknar.

Í fjárlögum ársins 2002 var úthlutað 15 milljónum króna til Landspítalans til að efla móttöku og göngudeildarstarfsemi, einkum til að mæta geðrænum vanda barna og unglunga á höfuðborgarsvæðinu. Fimm milljónum króna var varið til að efla geðdeildarþjónustu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og 20 milljónum króna til ýmissa verkefna á þessu sviði á heilsugæslustöðvum um allt land.

Árið 2003 var samþykkt að veita 97 milljóna króna aukafjárveitingu til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga. Fjörutíu og fimm milljónir voru ætlaðar til stækkunar legudeildar Barna- og unglिंगageðdeildar LSH. Tuttugu milljónir króna voru veittar svokölluðu vettvangsteymi til að leysa úr málum barna í þörf fyrir bráðaþjónustu sem ekki komast strax inn á barna- og unglिंगageðdeildina. Þá var 27 milljónum króna veitt til reksturs barna- og unglिंगageðdeildarinnar, meðal annars til að efla legudeildina og til að bæta þjónustu við landsbyggðinga. Þá voru veittar fimm milljónir króna til aukinnar geðlæknisþjónustu.

Í fjárlögum 2004 hækkuðu framlög til geðheilbrigðismála um samtals 190 milljónir króna og þar af voru 76 milljónir króna ætlaðar Barna- og unglिंगageðdeildarinni: 55 milljónir króna vegna áformaðrar stækkunar hennar, átta milljónir til að mæta auknum kostnaði göngudeildar, átta milljónir króna til landsbyggðarþjónustu og 5 milljónir vegna heimaþjónustu. Þá var 20 milljónum króna varið í samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfara í heilsugæslunni og fimm milljónir króna til aukinnar geðlæknisþjónusu.

Mig langar til að minnst sérstaklega á meðferðarteymið sem nýlega var komið á fót við Heilsugæslustöðina í Grafarvogi. Markmiðið þess er að veita geð- og sálfélagslega þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra sem eiga í vanda. Teymi af þessu tagi endurspeglar áherslur heilbrigðisráðuneytisins sem telur þörf fyrir þverfaglega þjónustu og aukna samþættingu meðferðarúrræða. Ráðuneytið ákvað að ríða á vaðið með þessa þjónustu hjá Heilsugæslustöðinni í Grafarvogi þar sem hún sinnir fjölmennasta barnahverfi landsins. Ég hef tröllatru á þessu verkefni og ef vel reynist vonast ég til að með tímanum geti þjónusta af þessu tagi orðið fastur liður í þjónustu heilsugæslustöðva.

Ég hef farið nokkrum orðum um auknar fjárveitingar til geiðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga. Víst er að aukið fé gefur aukna möguleika til þess að efla og bæta þjónustuna. Ég er þó þeirrar skoðunar að fjármunir leysi ekki allan vanda. Skipulag þjónustunnar, samstarf milli ólíkra stofnana og meðferðaraðila, svo sem innan heilbrigðiskerfisins, félagslega kerfisins og skólakerfisins skiptir ekki síður miklu máli. Samstarf og samskipti við fjölskyldur þeirra barna og ungmenna sem eiga í vanda er einnig afar mikilvægt og grundvöllur að góðri þjónustu á þessu sviði. Gott samstarf, upplýsingaflæði og skýr verkaskipting er forsenda skilvirkrar þjónustu. Hér tel ég að skorti á varðandi geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglunga, enda stjórnsýsla málaflokksins flókin og margir sem koma að þjónustunni.

Það má segja að nú sé ég loksins kominn að því sem er meginefni þessarar ráðstefnu þar sem fjallað verður um forvarnir, meðferð og samþættingu þjónustu við börn og unglunga með hegðunarvanda og geðraskanir.

Fyrst um samþættingu þjónustunnar. Í október 2003 tilkynnti ég um þá ákvörðun mína að ráða verkefnisstjóra til heilbrigðisráðuneytisins sem falið yrði að gera tillögur um samþættingu þjónustu og meðferðarúrræða á þessu sviði og skyldi starf hans vera liður í vinnu að stefnumótun fyrir málaflokkinn. Ákvörðunin var tekin í samráði við ríkisstjórnina og byggðist meðal annars á því að félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga kæmu sterk að þessu starfi.

Til þessa vandasama verkefnis var ráðinn Kristján Már Magnússon, sálfræðingur. Hann tók til starfa í febrúar 2004 og skilaði skýrslu með úttekt sinni og tillögum síðari hluta sama árs. Ég hef kynnt mér ýtarlega skýrsluna og þær tillögur sem þar koma fram og finnst mikill fengur að starfinu sem skýrslan lýsir. Þar er gefið glöggt yfirlit yfir tiltæk meðferðarúrræði, á hverra vegum þjónusta er veitt, eðli þjónustunnar og helstu brotalamir, auk tillagna til úrbóta.

Ég ætla ekki að rekja tillögurnar hér, þar sem Kristján Már er fyrstur á mælendaskránni og mun væntanlega gera þeim ýtarleg skil. Ég vil hins vegar taka fram að þótt þær séu fyrst kynntar opinberlega hér í dag hafa þær þegar fengið mikla umfjöllun hjá ráðuneytunum þremur og á samráðsfundum aðstoðarmanna ráðherranna þriggja sem verkefni á þessu sviði heyrir helst undir. Áður en unnt er að taka formlega afstöðu til tillagnanna þarf að fara nákvæmlega yfir þær, skoða þær í víðu samhengi og reyna að sjá fyrir áhrif þeirra á þjónustuna og skipulag hennar komi þær til framkvæmda. Ég vonast til að ráðstefnan hér í dag verði vettvangur skoðanaskipta og faglegra umræðna sem komi að gagni þegar afstaða er tekin til framtíðar þessara tillagna.

Samhliða starfi verkefnisstjórans hefur verið að störfum nefnd á mínum vegum til að fjalla um málefni barna og unglunga með geðraskanir og stefnumótun á því sviði. Ég vænti þess að sú nefnd muni á næstunni skila mér tillögum sínum um lausnir til að mæta brýnum vanda og ætla má að ráðstefnan hér í dag verði einnig til gagns á lokasprettinum í því starfi.

Loks vil ég fara nokkrum orðum um forvarnir sem ég tel að gefa eigi aukinn gaum við stefnumótun heilbrigðismála almennt og þar eru geðheilbrigðismál ekki undanskilin. Ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu árum hafa sýnt hve uppvaxtarskilyrði og atlæti sem börn njóta á fyrsta æviskeiðinu geta ráðið miklu um andlega velferð þeirra og heilbrigði á fullorðinsárum. Hvað þetta varðar búum við að öflugri mæðravernd og ungbarnaæftirliti en ef til vill má leggja meiri áherslu á geðheilbrigðisþáttinn í þeirri þjónustu. Einnig horfi ég til aukins hlutverks heilsugæslunnar í þessu efni, t.d. með þjónustu á borð við verkefnið í Grafarvogi sem ég gat um áðan. Þá get ég ekki látið undir höfuð leggjast að minnast á fræðslu- og forvarnarverkefnið Þjóð gegn þunglyndi sem flestir þekkja og verkefnið Geðrækt sem er samstarfsverkefni Landlækniseimbættisins, geðsviðs Landspítala - háskóalsjúkrahúss og Heilsugæslunnar í Reykjavík, en það hlaut einmitt sérstaka útnefningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á síðasta ári sem fyrirmyndarverkefni á sviði geðræktar.

Góðir ráðstefnugestir.

Áður en ég lýk máli mínu er mér sérstök ánægja að tilkynna að ég hef tekið ákvörðun um að efla enn frekar geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni á landsbyggðinni og mun á þessu ári leggja fram hátt í 20 milljónir króna til viðbótar því sem er bundið við einstakar stofnanir. Við endanlega ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár mun ég hafa hliðsjón af tillögum Kristjáns Mús og nefndarinnar sem ég gat um áðan.

Ég vil í lokin lýsa skoðun sem ég veit að allir geta heilshugar tekið undir. Hún lýtur einfaldlega að rétti barna til hamingju, vellíðunar og ánægjulegra barns- og unglingsára. Eins og ég nefndi í upphafi eru engar einhlýtar skýringar á því að geðraskanir barna og unglunga eru vaxandi vandamál á Vesturlöndum. Þó er nærtækt að horfa til þeirra öru samfélagsbreytinga sem orðið hafa á liðnum áratugum: breytinga á búsetu, vinnumarkaði, stöðu kynjanna, fjölskyldugerð, menntakerfinu, upplýsingaflæði, afþreyingu, tækni og nánast öllum þáttum samfélagsins. Flestar hafa þessar breytingar verið liður í aukinni velmegun okkar og veraldlegu ríkidæmi. Mér segir þó svo hugur að einhver gildi kunni að hafa glatast á leiðinni og að börnin okkar gjaldi fyrir. Mótun skýrrar fjölskyldustefnu tel ég því mikilvægan lið í því að bæta aðstæður barna og ungmenna.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til þeirra sem standa að ráðstefnunni hér í dag um leið og ég býð þátttakendur og aðra ráðstefnugesti velkomna og lýsi ráðstefnuna setta.

---

Talað orð gildir